



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

2015

Umsögn um stjórnarhætti: Nýherji hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Nýherji hf. fái viðurkenningu sem *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum*. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af Capacent í desember 2014.

Niðurstaða úttektar Capacent á stjórnarháttum Nýherja hf gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úttektar og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti fyrirtækisins:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Mikilvægasta hlutverk stjórnar er stefnumótun og að hafa eftirlit með framkvæmd hennar.

Hvað má betur fara: Stjórnin hefur ekki skilgreint nægilega vel hlutverk stjórnar með tilliti til ákvarðana sem teljast óvenjulegar og meiri háttar. Einnig mætti skilgreina betur hvaða mál stjórn vill fá inn á stjórnarfundi og hvenær.

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verksvið og verkefni stjórnar eru í samræmi við starfsreglur stjórnar. Stjórnarmenn gera árlega endurmat á störfum stjórnarinnar í samræmi við starfsreglur stjórnar. Lögð er áhersla á stefnumótun og að stefnumótandi kostir sem lagðir eru fyrir stjórnina séu byggðir á ítarlegri greiningarvinnu.

Hvað má betur fara: Stjórnin mætti halda reglulega fundi til að ræða stefnumótun félagsins og skipuleggja mætti betur eftirfylgni stjórnar með stefnumótandi verkefnum. Efla þarf umræðu um áhættustjórnun í stjórninni og setja áætlun um áhættustjórnun líkt og starfsreglur stjórnar gera ráð fyrir.



Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin hélt 19 stjórnarfundi á árinu 2014. Stjórnarmenn eru sammála um að stjórnarfundir séu mjög árangursríkir. Stjórnarmenn fá sömu upplýsingar á sama tíma og koma vel undirbúnir á stjórnarfundi. Hvatt er til skoðanaskipta á stjórnarfundum og eru allir stjórnarmenn virkir þátttakendur í umræðum. Fundargerðir er hægt að nálgast á rafrænni stjórnarvefgátt. Endurskoðunarnefnd hefur starfað frá 2010 en í lok árs 2014 voru skipaðar tvær nýjar undirnefndir: Starfskjaranefnd og tækninefnd.

Hvað má betur fara: Skipuleggja mætti vinnufundi með framkvæmdastjórum til að auka áherslu á þátttöku stjórnar í stefnumörkun. Efla þarf skipulag með það að markmiði bæta áhættustjórnun. Auka mætti áherslu á innra eftirlit.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Starfsreglur stjórnar eru yfirfarnar árlega og félagið hefur jafnframt stefnu um samfélagslega ábyrgð sem inniheldur siðareglur og umræðu um jafnréttismál. Stjórnin kannar reglulega hvort hún vinni samkvæmt starfsreglum og gerir endurmat á stjórnarháttum. Upplýsingagiöf til stjórnar er almennt góð.

Hvað mætti betur fara: Efla mætti formlegt frammistöðumat á forstjóra félagsins. Skilgreina mætti jafnframt fleiri lykilmælikvarða fyrir fyrirtækið.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Stjórnarmenn virðast hafa til þess að sitja í stjórn félagsins og hafa fjölbreytta þekkingu og reynslu. Stjórn félagsins árið 2014 samanstendur af fimm stjórnarmönnum og stjórnina skipa: Benedikt Jóhannesson, formaður, Hildur Dungal, Loftur Bjarni Gíslason, Marta Kristín Loftsdóttir og Ágúst Sindri Karlsson. Stjórnarmenn eru á aldrinum 44 – 60 ára og er meðalaldur stjórnarmanna 50 ár. Stjórnarmenn eru 60% karlar og 40% konur. Tveir stjórnarmenn eru óháðir stærstu eigendum félagsins og allir stjórnarmenn óháðir starfsemi félagsins, viðskiptaaðilum og samkeppnisaðilum.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áðurnefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.